

154. löggjafarþing 2023–2024.

Þingskjal 663 — 1. mál.

2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SVS, NTF, JSkúl, JFF, TBE, VilÁ).

- Við 6. gr. Liður 2.36 orðist svo: Að heimila Fasteignum Háskóla Íslands ehf. að ganga til samninga við Félagstofnun stúdenta um ráðstöfun íbúða sem tilheyra háskólanum á Eggertsgötu og Suðurgötu.
- Við 6. gr. Nýir liðir:
 - Að selja jarðir og eignir í eigu ríkisins við Halldórsstaði í Laxárdal í Þingeyjar-sveit.
 - Að ganga til samninga við KFUM varðandi ráðstöfun lóða í Vatnaskógi.
 - Að heimila ráðstöfun á landi í eigu ríkisins til landnýtingar í þágu loftslagsmála, svo sem kolefnisbindingar eða samdráttar í losun með skógrækt, endurheimt eða verndun vistkerfa, að undangenginni greiningu á því, m.a. út frá náttúrufari, hvort tiltekið land henti undir slíka nýtingu.
- Við 6. gr. Nýir liðir:
 - Að heimila Tæknigarði ehf. að selja fasteignina Dunhaga 5 til Fasteigna Háskóla Íslands ehf. og jafnframt heimila Háskóla Íslands að slíta Tæknigarði ehf. í kjölfarið og færa eftirstandandi eignir hans til háskólans.
 - Að stofna sérstakt félag um byggingu Þjóðarhallar.
- Við 6. gr. Nýr liður:
 - Að auka hlut Íslands í Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD) fyrir allt að 600 m.kr. í samræmi við ákvörðun stjórnar sjóðsins.